

Dómsmálaráðuneytið

Sveinn M. Bragason

Kópavogi 15. desember 2021

### Rekstraráætlun Landsréttar 2022, tímabundin fjölgun starfa

Landsréttur vísar til rekstraráætlunar fyrir árið 2022 sem skilað hefur verið til dómsmálaráðuneytis til meðhöndlunar í gegnum Akra tölvukerfið. Eins og fram hefur komið í skýringum sem Dómstólasýslan hefur komið á framfæri við ráðuneytið, eru tveir liðir sem fela í sér tímabundna aukningu útgjalda settir inn á fjárhagsáætlun ársins 2022. Frumvarp til fjárlaga sem lagt hefur verið fram á Alþingi endurspeglar ekki óskir Landsréttar í þessum efnum en samkvæmt upplýsingum Landsréttar er möguleiki að koma fram breytingum við aðra umræðu frumvarpsins. Með bréfi þessu er gerð nánari grein fyrir viðkomandi liðum og tilgangi þeirra.

### Málhalli hjá Landsrétti

Eins og kunnugt er hefur Landsréttur ekki verið fullmannaður undanfarin ár og um tíma vantaði fjóra dómara til að svo væri. Enn vantar einn dómara til starfa við Landsrétt til að rétturinn teljist fullmannaður. Óhjákvæmilega hefur þetta haft neikvæð áhrif á afkastagetu réttarins.

Skipta má þeim málum sem skotið er til Landsréttar í fjóra meginflokka, áfrýjuð einkamál, áfrýjuð sakamál, kærð einkamál og kærð sakamál. Hlutverk og meðferð mála er mismunandi eftir því á hvaða flokk er litið en sammerkt er þeim öllum að þau kalla á aðkomu bæði dómara og aðstoðarmanna, auk annars starfsfólks við meðferð þeirra.

Hægt er að beita ýmsum aðferðum til að meta hvort afköst Landsréttar séu nægileg til að halda í við þann fjölda mála sem berast Landsrétti. Ein leiðin er að mæla þann tíma sem líður frá því mál er nýskráð hjá Landsrétti og þar til leyst hefur verið úr máli með dómi eða úrskurði. Í töflu 1 sést meðal dagafjöldi sem málsmeðferð tók á tveggja ára tímabili, greind niður í áður nefnda meginflokka mála.

### TAFLA 1 – Meðaltími málsmeðferðar

	2020	2021
Áfrýjuð sakamál	413,7	419,9
Áfrýjuð einkamál	326,1	349,5
Kærð sakamál	7,11	2,71
Kærð einkamál	37,52	32,46

Úr töflu 1 má greinilega lesa að málsmeðferðartími áfrýjaðra mála hefur lengst nokkuð hjá Landsrétti á meðan hann styttest ef horft er á kærð mál. Þessi þróun kemur ekki sérstaklega á óvart þar sem áhersla hefur verið lögð á að ljúka kærðum málum á sem skemmstum tíma.

Annar mælikvarði sem hægt er að beita er hvort jafnvægi sé á milli skráningar nýrra mála annars vegar og mála sem lokið er við hins vegar. Í töflu 2 er að finna upplýsingar um nýskráð mál og mál sem lokið er yfir sama tímabil og skipt eftir sömu flokkum.

TAFLA 2 – Fjöldi nýskráðra mála

	2020	2021*
Áfrýjuð sakamál	81	119
Áfrýjuð einkamál	228	263
Kærð sakamál	228	211
Kærð einkamál	219	171
Samtals	756	764

TAFLA 3 – Fjöldi afgreiddra mála

	2020	2021*
Áfrýjuð sakamál	117	124
Áfrýjuð einkamál	203	219
Kærð sakamál	234	209
Kærð einkamál	220	172
Samtals	774	724

\* Tölur 2021 miðast við 13. desember

Samanburður á tölum úr töflum 2 og 3 sýnir að Landsréttur hefur ekki fyllilega undan þegar litið er til þess fjölda áfrýjaðra mála sérstaklega sem réttinum berst á hverju ári og hann borinn saman við þau mál sem unnt hefur verið að ljúka á sama tímabili. Þannig er samanlagður fjöldi nýskráðra mála alls 1.520 á árunum 2020-2021 og þar af nýskráð áfrýjuð mál alls 691 mál á meðan samanlagður fjöldi mála sem lokið var taldist 1.498 og þar af áfrýjuð mál 663.

Í ljósi þess að kærð mál eru afgreidd af Landsrétti á tiltölulega skömmum tíma er ljóst að dráttur á afgreiðslu mála liggur einkum í áfrýjuðum málum. Af töflum 1 og 2 má lesa að áfrýjuðum málum á málaskrá Landsréttar þann 13. desember 2021 hefur fjölgað um 28 mál miðað við stöðuna í árslok 2019. Áætla má að meðal málsmeðferðartími hafi lengst sem nemur um það bil einum mánuði á þessu tveggja ára tímabili.

Taka ber fram að Landsréttur hefur ekki farið varhluta af áhrifum Covid heimsfaraldursins í starfsemi sinni fremur en aðrir og hefur það áhrif bæði á fjölda mála sem berast réttinum og fjölda þeirra sem afgreidd eru. Tölurnar gefa engu að síður til kynna að bæta þurfi í mannafla til að Landsréttur nái að halda í horfinu.

### Aukning útgjalda vegna setningar varadómara

Nú liggur fyrir að settur hefur verið varadómari fyrstu þrjá mánuði ársins og jafnframt að ætlunin er að setja varadómara við Landsrétt út júní 2022. Í samræmi við það hefur verið sett inn á fjárhagsáætlun kostnaðarliður sem nemur launum eins landsréttardómara í sex mánuði.

Landsréttur gerir ráð fyrir að þessi liður muni skila sér inn í fjárlagafrumvarpið fyrir aðra umræðu þess og þurfi sú aukning ekki frekari rökstuðning.

Gera má ráð fyrir að Landsréttur geti fjölgað nokkuð aðalmeðferðum mála vegna setningar varadómara á fyrri helmingi ársins 2022. Ef beitt er hlutfallsreikningi út frá tölum um áfrýjuð mál sem lokið var á árunum 2020 og 2021 má segja að hver dómari hafi afgreitt um 24 mál á hverju ári (663/14/2). Viðbót sem nemur einum dómara ætti því að geta leitt til þess að unnt verði að ljúka 24 fleiri málum á ári eftir

að Landsréttur verður fullmannaður. Mismunur í fjölda mála sem réttinum berast og fjölda mála sem lokið er gefur hins vegar til kynna að sú ráðstöfun dugi vart til að halda í horfinu frá því sem nú er.

## Aukning útgjalda vegna tímabundinnar ráðningar aðstoðarmanns

Fjárhagsáætlun Landsréttar gerir ráð fyrir að ráðinn verði löglærður aðstoðarmaður dómara til viðbótar við þá sem fyrir eru og að um tímabundna ráðstöfun verði að ræða til eins árs. Ætlunin er að löglærður aðstoðarmaður sinni kærumálum í auknum mæli frá því sem nú er og létti þannig álagi af dómurum. Dómarar geti þá sinnt fleiri áfrýjuðum málum á móti sem leiða ætti til þess að unnt verði að stytta málsmeðferðartímann við Landsrétt frá því sem nú er.

Aðstoðarmenn dómara gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að rekstri mála við Landsrétt og léttu þeir undir með dómurum með ýmsum hætti. Ljóst er að dómarar verða eftir sem áður að bera meginþungann af vinnu við samningu dóma í áfrýjuðum málum en ætlunin er að leita leiða til að léttu af þeim vinnu í tengslum við kærð mál og þá einkum kærð sakamál.

Í undirbúningi er að breyta verklagi þegar kemur að tilteknum tegundum kærðra sakamála og einkamála og leita leiða til að fela löglærðum aðstoðarmönnum aukid hlutverk við meðferð slíkra mála þó endanleg ábyrgð á niðurstöðu hvíli áfram á dómurum Landsréttar.

Að mati Landsréttar má gera ráð fyrir að vinna aðstoðarmanns við meðferð kærumála nýtist sem vinnusparnaður fyrir dómara sem nemur 2/3 af vinnutíma en viðurkennt skal að þar liggja ekki nákvæm vísindi að baki og eru óvissuþættir margir. Miðað við þetta og yfirfært á reiknaða afkastagetu dómara Landsréttar í áfrýjuðum málum má gera ráð fyrir að unnt ætti að vera að afgangi 18 fleiri mál á einu ári (24\*2/3) með tilkomu nýs aðstoðarmanns og breytingu á verklagi á þann hátt sem lýst hefur verið.

Fyrir hönd Landsréttar



Afrit: Dómstólasýslan, b.t. Kristínar Haraldsdóttur